

Fundargerð 149. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 17. desember 2020 kl. 11:00. Fundurinn var fjarfundur.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Samúel Ingvason, Sigurður Gunnar Benediktsson, Pétur Freyr Jónsson, Sigurður Jóhann Erlingsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Agnar Ólason, Andrés Bjarnason, Þorsteinn Hjálmarsson og Símon Guðvarður Jónsson.

Fjarverandi: Einar Sveinn Kristjánsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 148

Formaður setti fundinn. Fundargerð samþykkt en beðið með undirritun þar til hægt verður að funda á skrifstofu

2. Staða kjaramál

Kjarasamningur fyrir Kerfóðrun var kláraður, 6 – 7 fundir haldnir með Selfossvetum og er vonandi farið að sjást til lands í því máli. Erum að reyna að ná stofnanasamningi við Hafró en það gengur illa. Erum byrjuð að ræða vinnutímastyttingu hjá Ísal og eigum að mæta hjá SA í byrjun febrúar til að ræða hana. Verið er að ræða yfirvinnu 1 og 2 hjá Landsvirkjun með það í huga að taka upp eina yfirvinnu en líklegt samt að 1 og 2 verði niðurstaðan. OECD skýrsla um lögverndingu starfa verið birt og ríkið virðist ætla að fara í að taka af lögverndun, iðnaðarmenn liggja m.a. undir í því . Iðnaðarmenn eru búnir að funda og munu skila skýrslu til Alþingis. Menntamálaráðuneytið hefur farið fyrir því að breyta meistarakerfinu þannig að skólinn sjái um allt og komi nemum svo í verklegt nám og en menn geti líka komið inn með samning. Verið að vinna í rafrænni ferilbók. Menntamálaráðuneytið og Iðan eru að ræða þessi mál.

Gildi var með opinn fund á dögnum og það sem kemur mest á óvart er að ávöxtunin hefur verið bara þokkaleg. Hjá Birtu var fulltrúaráðið boðað þar eigum við 10 menn. Formaður sýndi skjal með tillögum í nefndir í Birtu.

Fundur var í Styrktar- og sjúkrasjóði, staðan á sjóðnum var lögð fram og hann er 4 milljónir í mínus núna. Menn telja ekki þörf á því að gera neinar breytingar þar sem þetta er ekki það mikið. Oft þegar bætt er í styrki þá gerist þetta og svo jafnar það sig.

Fundur er með samninganefnd okkar sjómanna á föstudaginn og svo með SFS á mánudaginn. Spurt var um Laxeldisfyrirtæki, á hvaða kjarasamningi eiga þeir að vera og er til samningur? Formaður svaraði því að við eigum engan samning.

3. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun vegna ársins 2021 lögð fram. Formaður fór yfir hana. Spurningar komu um einstaka liði. Samþykkt af öllum.

4. Aðalfundur

Aðalfundur 2021 verður haldinn 16. apríl á Grand Hótel Reykjavík. Stjórnarfundarplan fyrir fyrri hluta ársins 2021 lagt fram. Samþykkt

5. Önnur mál.

- Kynning á starfsmanni sem formaður óskar eftir að fá að ráða í að uppfæra kjarasamninga. Ráðningin samþykkt.
- Spurt var hvort eitthvað hafi verið leitað eftir leigjendum í kjallarann á númer 29. Formaður svaraði því að fyrst þurfum að ákveða hvað við ætlum að nýta þar sjálf. En það er komin fyrirspurn frá einum hvort hann geti fengið að leigja hjá okkur. Spurt var um þá sem eru að vinna við 29, hver er samningurinn, geta þeir bara verið með tímaskrift. Formaður svaraði því.
- Rætt var um þyrlumál gæslunnar, þegar svona kemur upp þá á félagið að láta heyra í sér þetta eru jú sjúkrabílar sjómanna. Formaður sagði að við hefðum látið heyra í okkur og verið á móti lagasetningu.

Fundi slitið 13:10